

Sp. 440. Tillaga til þingsályktunar [238. mál]

um skipun nefndar til að endurskoða mörk nógildandi lögsagnarumdæma.

Flm.: Böðvar Bragason.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða nógildandi mörk lögsagnarumdæma. Nefndina skipi fjórir menn tilnefndir af þingflokkunum, einn tilnefndur af Sýslumannafélagi Íslands og einn skipaður af dómsmálaráðherra án tilnefningar og sé hann jafnframt formaður nefndarinnar. Nefndin skili tillögum sínum fyrir árslok 1983.

Greinargerð.

Mörk lögsagnarumdæma á Íslandi eru á margan hátt úrelt og ófullnægjandi. Víða um land taka þau ekkert tillit til byggða- og þjónustukjarna sem myndast hafa, og eru þess dæmi að menn þurfi að fara í gegnum eitt eða fleiri lögsagnarumdæmi til að komast til yfirvalds síns. Má þar nefna sem dæmi, að íbúar Mosfellshrepps þurfa að aka um Reykjavík og Kópavog til að komast til sýslumanns Kjósarsýslu, sem situr í Hafnarfirði, og íbúar Norður-Múlasýslu þurfa að aka um Egilsstaði til að komast til sýslumanns Norður-Múlasýslu, sem situr á Seyðisfirði.

Þá er víða mjög langt að fara til viðkomandi sýslumanns þó ekki þurfi að fara um önnur lögsagnarumdæmi til þess, en oft er þó mun styttra til yfirvalds í næsta lögsagnarumdæmi. Má nefna sem dæmi, að íbúar norðanvert við Hvalfjörð þurfa að aka til Borgarness til að hitta sinn sýslumann, en mun styttra er til Akraness, þar sem bæjarfógeti situr, og íbúar austanvert við Eyjafjörð þurfa að fara til Húsavíkur, þar sem sýslumaður Þingeyjarsýslu situr, en mun styttra er að fara til Akureyrar, þar sem sýslumaður Eyjafjarðarsýslu situr.

Þá er ótalið það óhagræði fyrir lögregluna, sem víðast situr á sama stað og sýslumenn, að þurfa að sinna löggæslu þar sem svo langt er að fara sem að framan greinir, en mun styttra fyrir lögregluna í næsta lögsagnarumdæmi að sinna málunum.

Mörk lögsagnarumdæma í óbyggðum eru víða óljós, einkum á miðhálandi landsins, þar sem þau eru mjög á reiki og víða með öllu ókunn. Sýslumörk á uppdráttum landsins eru og sett eftir misjafnlega öruggum heimildum og sums staðar af handahófi.

Um nokkurt skeið hafa verið uppi raddir sem krefjast úrbóta á þessum sviðum, einkum á Austurlandi, en mörk lögsagnarumdæma skipta miklu máli fyrir íbúa hinna ýmsu héraða hvað varðar þjónustu af hálfu ríkisvaldsins.

Af þessum sökum er nauðsynlegt að nú þegar verði hafist handa við að koma fastri og bættri skipan á mörk lögsagnarumdæma um land allt í samráði við hagsmunaaðila og stjórnvöld, sem málið skiptir, og undirbúa lagasetningu um mörkin, eftir því sem nauðsyn ber til, en heildarlöggjöf um þessi efni er ekki fyrir hendi. Því er lagt til að til að vinna að þessum málum verði skipuð nefnd, skipuð fjórum mönnum tilnefndum af þingflokkunum, einum manni tilnefndum af Sýslumannafélagi Íslands, en formaður skipaður af dómsmálaráðherra án tilnefningar.